



Mótt.: - 2. mars 2015
Málnr.

201310076



Skipulagsstofnun
Laugavegi 166
150 Reykjavík

INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólgsgötu 7 101 Reykjavík
sími: 545 9000 bréfasími: 552 7340
postur@irr.is
innanrikisraduneyti.is

Reykjavík 26. febrúar 2015
Tilv.: IRR14010404/0.15.0

Efni: Landsskipulagsstefna 2015-2016

Í brefi dags. 19. desember 2014 til innanríkisráðuneytis var óskað eftir athugasemdum við tillögu að landsskipulagsstefnu 2015-2026.

Ráðuneytið telur þau drög að landsskipulagsstefnusem hér eru kynnt falli almennt vel að stefnumótandi áætlunum innanríkisráðuneytis. Tekið hefur verið tillit til margra athugasemda innanríkisráðuneytis á fyrri stigum áætlungerðar og hefur góður áfangi náðst við samþættingu landsskipulagsstefnu við samhlíða vinnu við gerð samgönguáætlunar 2015-2026.

Ráðuneytið gerir þó athugasemd við kafla 3.5.1 um samgöngur innan vinnusóknarsvæða er þar segir; " Við skipulag byggðar og samgangna verði miðað við að sem flestir komist til næsta meginkjarna á innan við einni klukkustund" og telur fara betur að klukkustundar ferðatímamarkmiði sé sleppt hér en þess stað er stuðst við hugtakið "vinnusóknarsvæði" sem miðast við daglegar ferðaþarfir íbúa til og frá vinnu eða skóla. Líkt og kemur fram í landsskipulagsstefnu verður á fyrsta tímabili samgönguáætlunar 2015-2018 unnið að greiningum á vinnusóknarsvæðum m.a. í samstarfi við Byggðastofnun. Í ljósi þessa fer ráðuneytið fram á að fyrrgreind setning verði felld út úr texta kaflans.

Þá bendir ráðuneytið á mikilvægi þess að í kafla 4.3 um skipulag haf- og strandsvæða verði ítarlegri umfjöllun um hafnir, siglingarleiðir til og frá höfnum sem og siglingaleiðir á grunnsævi. Þá saknar ráðuneytið þess að ekki sé fjallað um fjarskipti í þessum kafla en öryggi sjófarenda byggir á því að traustir fjarskiptainnviðir séu til staðar. Viða við strendur landsins eru fjarskiptaskuggar og nauðsynlegt að í skipulagsáætlunum sé fjallað um mikilvægi þess að byggja upp traust fjarskiptakerfi með ströndum landsins og á helstu miðum.

Að lokum er almenn ábending varðandi kafla 1.6, 2.8 og 3.7. Ráðuneytið telur æskilegt að við skipulagsgerð fari fram heildstætt áhættumat byggt á áhættuskoðun Almannavarna sem taki til fleiri þátta en getið er um í stefnudrögum.

Fyrir hönd ráðherra

Sigurbergur Björnsson

Ásta Þorleifsdóttir